

Ed.

130. Frumvarp

til laga um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Vegamálastjóra er falið að rannsaka og gera tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa í þeim hlutum landsins, þar sem hann að undangenginni athugun telur hentugt að fullnægja raforkuþörfum almennings með orkuveitum frá háspennuveri, er taki yfir meira en einn hrepp eða kaupstað. Með rannsókn þessari skal leysa úr því, hver fallvötn séu hentust til virkjunar fyrir hvern landshluta og yfir hve stórt svæði henti að leggja veitutaugar frá hverju þeirra. Svo skal og gera kostnaðaráætlanir um þessi mannvirki og

áætlanir um rekstrarafkomu og styrkþörf hvers orkuvers með tilheyrandi tauga-kerfi. Gera skal frumdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum, eftir því sem nauðsyn krefur vegna þessara kostnaðaráætlana.

2. gr.

Rannsóknir þessar framkvæmir vegamálastjóri og fastlaunaðir starfsmenn hans án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Ef ríkisstjórnin hefir verkfræðing með sérmenntun í rafmagnsfræði í þjónustu sinni, skal hann einnig vera vegamálastjóra til aðstoðar við rannsóknir þessar án sérstaks endurgjalds.

3. gr.

Jafnóðum og starfinu miðar áfram skal vegamálastjóri leggja skýrslur og áætlanir fyrir fimm manna raforkumálanefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar. Í nefndinni eiga sæti þrjú menn, tilnefndir hver af sinum þingflokki, þeim sem nú eru, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að áskildu samþykki rafmagnsstjórnar kaupstaðarins, og hinn fimmti skrifstofustjóri eða fulltrúi úr ráðuneyti atvinnu- og samgöngumála, og er hann formaður nefndarinnar. Bresti tilnefningu eða samþykki einhvers framangreindra aðilja, velur ráðherra mann í þess stað.

Raforkumálanefndin starfar kauplaust, og skal verkefni hennar vera að undirbúa tillögur og lagafrumvörp þessum málum viðvikjandi, sem koma eiga fyrir Alþingi. Atvinnumálaráðuneytið og vegamálastjóri láta nefndinni í té aðstoð eftir þörfum án sérstaks endurgjalds.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um raforkuveitur til almenningsþarfa lá fyrir Alþingi 1929 og aftur 1930, og var tilgangur þeirra frumvarpa sá, að hrinda af stað rannsóknnum og undirbúningi á raforkuveitum um byggðir landsins utan kaupstaða, og jafnframt var þar bent á ákveðna tilhögun um fjárstyrk þann úr ríkissjóði, sem óhjákvæmilega verður að veita, ef býlin í hinum dreifðu byggðum eiga almennt að verða raforku aðnjótandi til ljósa, iðju, matreiðslu og hitunar. Frumvörp þessi náðu ekki samþykki, en fjárveiting til slíks undirbúnings er nú í fjárlögum, og á árinu 1930 skipaði stjórnin 7 manna nefnd til þess að vinna að þessum málum. Í nefndinni eiga sæti vegamálastjóri, forstjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur, rafmagnsverkfræðingur í þjónustu ríkisstjórnarinnar, þrjú menn tilnefndir af þingflokkinum eða miðstjórnnum þeirra, og hinn 7. valinn af ráðherra, og er hann formaður nefndarinnar. Var fyrst til þess skipaður Einar Árnason þáver. ráðherra, en fór síðar úr nefndinni, og var þá Halldór Stefánsson alþm. skipaður formaður í hans stað.

Nefnd þessi hélt áfram áður byrjuðum rannsóknum um hentugustu tilhögun á raforkuveitum í suðvesturhluta landsins, og er þeim langt komið, en ekki að fullu lokið. Nefndin hafði einnig verkfræðing sumarlangt til athugunar á fallvötnum í öðrum landshlutum, en sú vinna hefir engan árangur borið, meðfram að minnsta kosti sakir þess, að vinnan var framkvæmd án sambands við neina af hinum starfandi teknisku deildum, sem hafa fasta skrifstofu og föstum mönnum á að skipa. Þegar þrengdist um fjárhag rikissjóðs á árinu 1931, var þessum hluta starfseminnar hætt, og nú hefir nefndin að kalla má lognast út af eða sofnað.

Það er nú tilgangur frumvarpsins að koma skipulagi á undirbúning þessara nauðsynjamála, annarsvegar með því að leggja verkið undir vegamálastjóra og skrifstofu hans, og fá þar með nauðsynlega tryggingu fyrir því, að sérhver sú vinna, sem í þetta er lögð, geymist á visum stað og sé jafnan tiltæk þegar nota þarf til undirbúnings við löggjöf eða framkvæmdir, og hinsvegar með því að nota þá starfskrafta, sem landið hvort sem er hefir í þjónustu sinni og vænta má, að geti sérstaklega sinnt þessu starfi meðan fjárkreppan dregur úr venjulegum framkvæmdum á verksviði vegamálastjóra. Rétt þykir og að hafa nefnd með afmörkuðu verksviði til þess að athuga skýrslur og tillögur vegamálastjóra um þessi mál og undirbúa tillögur til Alþingis um þau.

Þess er gætt í frv. að baka rikissjóði engan sérstakan kostnað með ákvæðum þess, en hitt er sjálfgefið, að ef fé er veitt í fjárlögum til slíkra rannsókna, þá fær vegamálastjóri það til umráða til þess að greiða kostnað við mælingar og aðra vinnu, annara en hinna fastlaunuðu starfsmanna, sem þessar rannsóknir hafa í för með sér.